

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2024

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017

Íslandsdeild Amnesty International þakkar fyrir boð um að veita umsögn um reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda hinn 30. ágúst sl. Deildin gerir nokkrar athugasemdir.

Í reglugerðardrögum eru lagðar til breytingar þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd undanþáguákvæða við afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi á grundvelli 2. mgr. 45. gr. og 2. mgr. 69. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Annars vegar er um að ræða undanþágu vegna aðkallandi umönnunarsjónarmiða og hins vegar undanþáguskilyrði um inngildinguna handhafa dvalarleyfa á grundvelli viðbótarverndar sem heimilar að sótt sé um dvalarleyfi fyrir aðstandendur eftir a.m.k. 12 mánuði að fjórum skilyrðum uppfylltum.

Aðkallandi umönnunarsjónarmið

Íslandsdeild Amnesty International gerir athugasemdir við undanþágu um aðkallandi umönnunarsjónarmið vegna óskýrleika og ólögmatís. Ekki fæst séð af ákvæðinu hví gerð er krafa um að sá sem rétturinn byggir á hafi verið umönnunaraðili maka síns **áður** en hann yfirgaf heimaríki sitt. Skilyrði um að umönnunarpörf hafi þegar verið fyrir hendi gengur í raun lengra en sjálf lögin sem reglugerðin byggir á, sbr. 25. gr. laganna, og skortir því lögmatí. Einnig er ákvæðið óljóst er varðar það að viðkomandi eigi barn í heimaríki þar sem ekki fæst séð hve mörg af þremur skilyrðum sem talin eru upp þarf að uppfylla, þ.e.a.s. skilyrði um barn sé í bráðri hættu, ef barn er þar án forsjáradíla eða ef barn á við alvarleg veikindi að stríða. Þá er krafa ákvæðisins um að liggja þurfi fyrir að umsækjanda standi ekki til boða heilbrigðisþjónusta í heimaríki og ekki dugi að byggja á að framboð heilbrigðisþjónustu í heimaríki sé lakara eða hvort hún sé gjaldfrjáls eður ei, óskýr og vekur upp spurningar, t.d. um hvar í heiminum stendur fólki ekki heilbrigðisþjónusta til boða. Einnig má vel ímynda sér aðstæður þar sem umönnunarsjónarmið eru til staðar þrátt fyrir að viðkomandi standi til boða heilbrigðisþjónusta. Í lok ákvæðisins um undanþágu er varða aðkallandi umönnunarsjónarmið kemur fram að við mat á því hvort aðstæður teljist aðkallandi skuli hafa hliðsjón af því hve lengi sá útlendingur sem rétturinn byggir á hafi verið aðskilinn umsækjanda og hvort umsækjandi hafi notið annars umönnunaraðila á þeim tíma. Óljóst er hvort það sé metið umsækjanda til framdráttar eða hindrunar í umsókn sinni að aðskilnaður hafi verið langur. Einnig er óskýrt hvaða áhrif það hefur á matið ef einhver annar hefur veitt umönnun í millitíðinni.

Með vísan í ofangreint, leggst Íslandsdeild Amnesty International gegn breytingum á reglugerð um útlendinga er varða aðkallandi umönnunarsjónarmið í óbreyttri mynd. Sá hluti ákvæðisins skortir skýrleika og lögmæti.

Undanþáguskilyrði um inngildingu

Undanþáguskilyrði laganna um inngildingu taka einvörðungu til handhafa dvalarleyfa á grundvelli viðbótarverndar og heimilar að sótt sé um dvalarleyfi fyrir aðstandendur eftir a.m.k. 12 mánuði að fjórum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin eru að útlendingur sem umsókn um fjölskyldusameiningu byggir á skuli hafa verið virkur á vinnumarkaði í að lágmarki átta mánuði og geti sýnt fram á tryggja framfærslu, að viðkomandi hafi sótt námskeið í íslensku og hafi til umráða íbúðarhúsnæði fyrir aðstandendur.

Íslandsdeild Amnesty International bendir á að þrátt fyrir að umrædd skilyrði sé sett fram sem ívilnandi fyrir umsækjendur er afar ólíklegt að handhafar dvalarleyfa á grundvelli viðbótarverndar geti uppfyllt þau og þar með nýtt sér undanþágu byggða á þeim. Þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda um fjölskyldusameiningu í reglugerðinni eru ekki í neinu samræmi við þær aðstæður og tækifæri sem fólk í þessari stöðu býr almennt við hér á landi. Kröfurnar og skilyrðin eru óraunhæf og virðast hafa það að augnamiði að gera fjölskyldusameiningar nánast ómögulegar.

Íslandsdeild Amnesty International telur þau skilyrði sem eru í umræddri reglugerð vera allt of óskýr og óljós, ólögmæt, þröng, ómannúðleg og/eða ekki í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins. Deildin minnr á þær ríku skyldur stjórnvalda að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar og mikilvægi þess að axla ábyrgð og skapa hér góð skilyrði fyrir fólk á flóttu. Íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja að lög og reglur séu í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga, svo sem Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur fullgilt, auk Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu sem báðir hafa verið lögfestir hér á landi.

Íslandsdeild Amnesty International ítrekar ofangreindar athugasemdir og leggst gegn setningu reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst,



Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty Internationals